

- a) að vélar, spennar og línur þoli álagið, að dómi rafveitustjóra,
- b) að notandi kosti tengingu klukkurofa, sem rafveitan leggur til, og greiði leigu af þeim samkv. reglum, er gilda um leigu mæla,
- c) að hitatæki, lagnir og búnaður sé samkv. fyrirmælum rafveitunnar, ofnar og önnur hitatæki fasttengd.“

Gjaldskrárbreyting þessi er gerð samkv. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Hríseyjarhrepps.

1. gr.

Hitaveitan selur afnot af heitu vatni úr veitukerfum sínum eftir þeim reglum, sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð staðfestri 8. nóvember 1973.

2. gr.

Hitaveitan lætur hverju húsi, sem er í sambandi við vatnsæðar hennar, í té vatnsmagn, sem ætla má að nægi til hitunar á húsinu, enda séu ofnar hússins nægilega stórir að dómi hitaveitunnar. Hitaveitan setur stillanlegan hemil fyrir hámarksrennsli til hvers hitunarkerfis. Gjald til hitaveitunnar miðast við hámarksrennsli við stillingu hemils.

3. gr.

Hitaveitan má ein rjúfa innsigli á hemli. Hitaveitan breytir stillingu á hemli eftir óskum húseiganda fyrsta árið, sem hús hans er tengt veitunni, en eftir það einu sinni á ári, og skal beiðni um breytingu hafa borist fyrir 1. janúar. Hámarksstilling hemils gildir allt árið þó aflnotkun verði minni hluta úr árinu. Lægsta stilling á hemli er 1 líter á mínútu og selt vatnsmagn skal standa á hálfum og heilum líter á mínútu.

4. gr.

Hitaveitan tekur leigu af hemlum og skal hún vera kr. 200.00 á hemil á mánuði. Vatnsgjald er kr. 355.00 á mánuði fyrir hvern líter á mínútu.

5. gr.

Hitaveitugjöld samkv. 4. grein verða krafín annan hvern mánuð og skulu þau greiddast á skrifstofu hreppsins eða á annan þann stað, sem síðar kann að vera ákveðinn. Gjaldldagi er 1. dag mánaðarins (sbr. 1. mgr.) og er greiðslan þá fyrir þann mánuð og þann næsta á undan. Það eru vanskil er gjöldin eru ekki greidd innan 10 daga frá gjalddaga.

6. gr.

Heimæðagjald hitaveitunnar skal vera sem hér segir:

Gjald á inntak	kr. 25 000.00
Fyrir 1 hemil á grind	— 13 000.00
Fyrir 2 hemla á grind	— 19 500.00
Fyrir 3 hemla á grind	— 26 000.00

Rúmmetergjald (reiknast á utanmál húss):

0— 200 m ³ án gjalds	
200—1000 m ³ kr. 60.00 kr./m ³	
1000 m ³ og yfir kr. 40.00 kr./m ³	

Gjöld samkvæmt 4. og 6. gr. eru miðuð við byggingarvísitölu 1. sept. 1973. Hitaveitunni er heimilt að breyta þeim í samræmi við breytingar á nefndri vísitölu.

7. gr.

Nú eru leyfð afnot hitaveitunnar til annars en húshitunar, og er þá hitaveitunni heimilt að ákveða gjald fyrir þau afnot sérstaklega í hverju tilviki. Hitaveitunni er heimilt að gefa afslátt af heimæðagjaldi til húsa, þar sem kynditæki eru fyrir.

Heimæðagjald er gjaldkræft er tengingu húss er lokið. Heimilt er að veita gjaldfrest á hluta heimtaugagjalds.

8. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka lögtaki á kostnað gjaldanda.

9. gr.

Óheimilt er að nota aðra orkugjafa sem toppafl, nema með samþykki hitaveitunnar.

10. gr.

Hitaveitan hefur rétt til að loka aðrennsli að hitunarkerfi viðskiptamanns, sem vanrækir að greiða hitaveitugjöld. Fyrirætlun um lokun ber að tilkynna með þriggja daga fyrirvara. Sá, sem í vanskilum er, greiðir kr. 500.00 í opnunargjald auk vanskilaskulda.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með sky. Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 8. nóvember 1973.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson.

REGLUGERÐ

um hitaveitu og hitalagnir í Hríseyjarhreppi, Eyjafjarðarsýslu.

I. KAFLI GILDISSVIÐ

1. gr.

Reglugerð þessi gildir um hitalagnir og hitaveitu í Hríseyjarhreppi.